

Nd.

829. Tillaga

til þingsályktunar um læknakosningar.

Flutningsmenn: Jón Jónsson frá Hvanná og Jón Þorkelsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að semja og leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um það, að læknar hér á landi séu framvegis skipaðir í embætti samkvæmt kosningu héraðsbúa þeirra, er hlut eiga að máli.